

KJARASAMNINGUR
Félags atvinnurekenda/SÍA

og

Grafiu – stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum

1. gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við aðalkjarasamning Grafiu og FA og þá sérkjarasamninga sem teljast hluti hans.

2. gr.

Meginmarkmið

Kjarasamningur þessi er framlenging á kjarasamningi aðila sem gildi frá 2019-2022. Að mati samningsaðila styður samningurinn við kaupmátt launa auk þess að veita heimilum og fyrirtækjum fyrirsjáanleika á miklum óvissutímum. Samningurinn geti þannig byggt undir stöðugleika og skapað forsendur fyrir langtímasamningi.

Gildistími

Gildistími samningsins er frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024.

Almenn launahækkun

Launahækkun samningsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarkskrónutöluhækkunar.

Þann 1. nóvember 2022 taka mánaðarlaun almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

Kauptaxtar

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem verða hluti samningsins. Nýir launataxtar gilda frá 1. nóvember 2022.

Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 5,0% frá 1. nóvember 2022, nema um annað hafi verið samið.

Gjald í fræðslusjóð sbr. grein 7.7 um fræðslusjóð Grafiu verður kr. 1.340 á mánuði frá 1. nóvember 2022.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf verður:

Á árinu 2023 kr. 103.000.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf verður:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 verði orlofsuppbót kr. 56.000.

Hagvaxtarauki 2023

Með hækkun 1. nóvember 2022 hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og er hann að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að

með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019 – 2022.

3. gr.

Breyting á lágmarksorlofi

Gr. 3.1. í aðalkjarasamningi aðila orðist svo:

Um orlof fer að landslögum, orlofsárið reiknast frá 1. maí til 30. apríl.

Starfsfólk skal fá 25 virka daga (10,64%) í sumarleyfi með fullu kaupi enda hafi það unnið í sama fyrirtæki í eitt ár samfellt.

Við 4 ára starfsaldur lengist orlof um 2 vinnudaga (í 11,59 %) á ári.

Við 6 ára starfsaldur lengist orlof um 1 vinnudag (í 12,07 %) á ári.

Við 9 ára starfsaldur lengist orlof um 1 vinnudag (í 12,55 %) á ári.

Við 12 ára starfsaldur lengist orlof um 1 vinnudag (í 13,04 %) á ári.

Eftir 5 ár í sama fyrirtæki 28 dagar

Eftir 10 ár í sama fyrirtæki 30 dagar

Starfsmaður sem öðlast hefur aukinn orlofsrétt vegna starfs hjá sama vinnuveitanda öðlast hann að nýju hjá nýjum vinnuveitanda eftir þriggja ára starf, enda hafi rétturinn verið sannreindur.

Orlofsréttur reiknast frá upphafi næsta orlofsárs eftir að ofangreindum starfstíma er náð.

4. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga miðvikudaginn 28. desember 2022.

Reykjavík, 17. desember 2022

F.h. Grafíu – stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum F.h. Félags atvinnurekenda/SÍA

*Hönnu Magnúsdóttir
Georg Páll Skulason*

*Anna K. Kristján
J. H. Pálsson*

Bókun um tollamál

Aðilar sammælast um að óska eftir því við stjórnvöld að farið verði í vinnu við að afnema og lækka tolla í þágu neytenda. Lækkun tolla er ein skilvirkasta leiðin til að bæta hag launþega. Að mati samningsaðila væri góð byrjun að afnema tolla sem vernda enga hefðbundna innlenda landbúnaðarframleiðslu.

SB JH AK

Launataxtar 1. nóvember 2022	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna 1	Yfirvinna 2
Almenn launahækkun 6,75%		Deillitala 152	1,00%	1,15%
1. flokkur byrjunarlaun	535.445 kr	3.523 kr	5.354 kr	6.158 kr
2. flokkur eftir 1 ár	571.118 kr	3.757 kr	5.711 kr	6.568 kr
3. flokkur eftir 4 ár	600.670 kr	3.952 kr	6.007 kr	6.908 kr
4. flokkur eftir 6 ár	645.202 kr	4.245 kr	6.452 kr	7.420 kr




